



Reykjavík 22.02.2024

Sveitarfélagið Múlaþing
Bt: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri
Lyngási 12,
700 Egilstöðum

Efni: Um tillögu í öryggisátt í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa um umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur lokið rannsókn á banaslysi sem varð við Víkurland á Djúpavogi þann 21. júní 2022. Í slysinu lést gangandi vegfarandi sem varð fyrir vinnuvél. Er þeirri tillögu beint til Múlaþings að gera umferðaröryggisáætlun fyrir sameinað sveitafélag.

Ekki hefur verið unnin umferðaröryggisáætlun fyrir Djúpavog sem þéttbýlisstað innan sveitarfélagsins Múlaþings. Umferðaröryggisáætlanir eru mikilvæg skref í að ná markmiðum stjórnvalda í umferðaröryggismálum. Undanfarin ár hafa sveitarfélög verið sérstaklega hvött til að gera áætlun um umferðaröryggi. Helstu ástæður fyrir gerð slíkra áætlana eru að draga úr fjölda látinna og slasaðra vegfarenda. Þar geta m.a. komið fram upplýsingar um uppbyggingu vegakerfis sveitarfélagsins og vegflokka, umferðarmagn, samsetningu umferðar og hraða. Auk þess kortlagning stígakerfa, skólaleiða og almenningssamgangna t.d. þar sem óvarðir vegfarendur fara um¹.

Með vísan til 35. gr. laga um rannsókn samgönguslysa nr. 18/2013 óskar nefndin eftir því að fá upplýsingar um með hvaða hætti brugðist verður við þessari tillögu nefndarinnar, sem skal gert innan þriggja mánaða. Útdráttur úr svari verður birtur á vef nefndarinnar.

Meðfylgjandi bréfi þessu er skýrsla nefndarinnar um slysið, en hún hér einnig verið birt á vef nefndarinnar, www.rnsa.is.

Virðingarfyllt,
f.h. rannsóknarnefndarinnar

Helgi Þ. Kristjánsson

¹ Hörður Bjarnason, Rúna Ásmundsdóttir og Þorsteinn R. Hermannsson, 2010, Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga. Leiðbeiningar. Mannvít, Samgöngustofa og Vegagerðin.